

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar vegna hafnarsvæðis, Siglufirði.

Skipulagsstofnun staðfesti 5. desember 2024 breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 sem samþykkt var í bæjarráði 30. ágúst 2024.

Í breytingunni felst að lega stofnbrautar færast til, skilgreindar eru gönguleiðir meðfram hafnarsvæðum, afmörkun hafnarsvæða breytist og gerð nýs viðlegukants heimiluð. Þá er nýtt miðsvæði 225M skilgreint aðliggjandi núverandi miðsvæði 214M, þremur nýjum hverfisverndarsvæðum er bætt við og takmörkun vegna efnislosunarsvæðis 234E er felld út.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 5. desember 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 19. desember 2024